

# Stjórnarfundur Geðhjálpar 11.02.2016

---

**Mættir: Hrannar, Einar, Védís, Þórður, Bergþór, Sveinn, Halldóra og Anna Gunnhildur.**

- 1. Yfirferð fundargerðar síðasta stjórnarfundar, undirskriftir(EK).**  
Fundargerðin var lesin upp, samþykkt og undirrituð.
- 2. Ráðstefna með Drekaslóð um áhrif erfiðra uppeldisaðstæðna og áfalla á andlega heilsu 1. mars 2016 (HJ, AGÓ).**  
Góður rómur var gerður að fyrirbyggjandi dagskrá málþingsins. Stjórnarmenn voru hvattir til að skrá sig á málþingið í gegnum facebooksíðu Geðhjálpar og vekja athygli vina sinna á því með rafrænum hætti.
- 3. Madinamerica.com (HJ)**  
Samþykkt var að styðja síðuna um 100\$.
- 4. Beiðni um stuðnings vegna komu Dr. Gabor Maté's til Íslands (HJ).**  
Samþykkt var að óska eftir ítarlegri kostnaðaráætlun og drögum að dagskrá ráðstefnunnar/málþingsins.
- 5. Skýrsla Ríkisendurskoðunar og bréf mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna starfsemi Fjölmenntar (HJ, AGÓ).**  
Samþykkt var að óska eftir sundurliðun frá Fjölmennt um 12 milljón króna fjárframlag til námskeiðshalds fyrir fólk með geðfötlun.  
  
Samþykkt var að óska eftir því að ÖBÍ skipaði fulltrúa úr röðum Geðhjálpar í stjórn Fjölmenntar við fyrsta tækifæri og vinna frekar að málinu.
- 6. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um þjónustu við börn og unglinga (HJ).**  
Samþykkt var að Geðhjálpar myndi vekja athygli á meginniðurstöðu skýrslunnar um leið og endanleg útgáfa hennar yrði gerð opinber.
- 7. Uppgjör á arfi eftir Guðmund Kristján Jónsson (HJ, AGÓ).**  
Uppgjörið var samþykkt og ákveðið að endanleg upphæð yrði lögð inn á sérstakan reikning.
- 8. Lyfjastofnun vegna aukaverkana lyfsins zyprexa (HP).**  
Samþykkt var að kanna hvort Steindór Jóhann Erlingsson, vísindasagnfræðingur, hefði tök á að skoða frekar aukaverkanir lyfja eins og zyprexa á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.
- 9. Björgin, staðan & stuðningur Geðhjálpar (BGB).**  
Samþykkt var að fylgjast vel með þróun mála hvað varðar rekstur Bjargarinnar og sýna stuðning ef/þegar á þyrfti að halda.

**10. Aðalfundur, dagsetning, kjör nýrra fulltrúa, fyrirlesari o.fl. (HJ).**

Samþykkt var að halda aðalfund Geðhjálpar þann 19. mars. Stjórnarmenn ætla að velta fyrir sér heppilegum fyrirlesara. Bergþór, Sylviane, Þórður og Védís ætla að gefa áfram kost á sér í stjórn Geðhjálpar. Stjórnarmenn voru hvattir til að vekja athygli verðugra fulltrúa á tækifæri til þátttöku í stjórn Geðhjálpar.

**11. Jólakort (HJ, AGÓ).**

Fram fór umræða um hugsanlegar leiðir til að velja mynd á jólakort og stungið var upp á því að Hugleikur Dagsson myndi myndskreyta dagatal til félagsmanna fyrir næstu áramót.

**12. Beiðni um styrk til að ljúka handritinu Riddarar hringavitleysunnar (HJ).**

Samþykkt var að veita handritshöfundi 300.000 kr. styrk, 150.000 kr. strax og 150.000 kr. eftir að útgáfa hefur tekið að sér að gefa handritið út.

**13. Málefnaþópur/ar um útfærslu stefnu Geðhjálpar í tilteknum málaflokkum (SL).**

Samþykkt var að taka málið upp í tengslum við stefnumótunarvinnu á árinu.

**14. Önnur mál, t.a.m. samstarf vegna ráðstefnu með Allen Frances og Batakvöld 18. febrúar.**

Fram kom að félög geðlækna, sálfræðinga, félagsráðgjafa og iðjuþjálfra ætli að taka þátt í málþingi með Allen Frances

Samþykkt var að halda upp á 50 ára afmæli svokallaðra Tengla í vor. Sveinn Rúnar ætlar að koma lista yfir tenglana til framkvæmdastjóra.

Samþykkt var stjórn Geðhjálpar ásamt mökum færðu út að borða þann 11. mars eða þegar hentaði.

Samþykkt var að fulltrúar í stjórn Geðhjálpar gætu sótt um allt að 50.000 kr. fjárframlag til endurmenntunar á hverju ári. Framkvæmdastjóri afgreiðir umsóknir um styrki gegn kvittun. Stjórnin tekur ákvörðun um niðurstöðu umsókna ef um vafa verður að ræða.

**Fundinum var slitið um kl. 19.30.**